

Öryggi og heilsa starfsmanna eru forgangsmál Impregilo

Undanfarna daga hafa fjölmargar sakir verið bornar á Impregilo á Íslandi af yfirlæknum við Kárahnjúkavirkjun. Umræddur læknir ber ábyrgð á heilsugæslu á vinnusvæðinu og samkvæmt ásökunum hans í fjölmiðlum hafa 180 verkamenn veikst vegna loftmengunar og matareitrunar í göngunum. Impregilo mótmælir harðlega vinnubrögðum læknisins og þeim ásökunum sem hann hefur haft í frammi, þær eru ýktar, misvísandi og rangar.

Á vinnusvæðinu við Kárahnjúka var settur upp virkur vettvangur til þess að bregðast við, hafi menn áhyggjur af heilsu eða öryggi starfsmanna. Sá vettvangur er **öryggisráðið** og er það samráðsvettvangur allra þeirra er að framkvæmdunum koma.

Rangar ásakanir læknisins

Ráðið ber þá lagalegu skyldu að tryggja að ráðist sé í viðeigandi og samhæfðar aðgerðir, vakni áhyggjur af öryggi eða heilsu manna. Rétt viðbrögð læknisins hefðu verið að tilkynna öryggisráðinu áhyggjur sínar, svo tryggja mætti að samstundis hefði verið hægt að ráðast í aðgerðir. Impregilo gagnrýnir harðlega að vinnuferli sem samþykkt hefur verið að öllum hagsmunaaðilum skuli ekki hafa verið fylgt.

Ásakanir læknisins um að fleiri en 180 verkamenn hafi veikst vegna mengunar og matareitrunar eru einfaldlega rangar. Á lista hans voru meðal annars starfsmenn sem voru margtaldir, starfsmenn sem unnu við stíflugerð en ekki gagnagerð, starfsmenn sem höfðu fyrir löngu yfirgefið Ísland og skrifstofufólk sem hafði aldrei stigið fæti inn í göngin. Það vekur undrun hversu langt er seilst til að koma höggi á Impregilo og jafnframt velta forsvarsmenn fyrirtækisins fyrir sér hver ástæðan sé.

Impregilo fagnar athugun landlæknisembættisins á heilbrigðismálum við Kárahnjúka og vonar um leið að hún muni leiða í ljós staðreyndir málsins og ekki síður endurbyggja traust á milli hagsmunaaðila.

Mengun í göngum

Í fyrsta sinn í gangnagerð á vegum Impregilo við Kárahnjúka hafa nokkrir starfsmenn veikst, meðan unnið á nokkrum afmörkuðum svæðum í göngunum. Fyrirtækið harmar þetta enda skipta starfsmennirnir mestu máli, þeir eru sérhæfðir, þekkja vel til aðstæðna og eru

hörkuduglegir. Vinnutap vegna veikinda bitnar ekki síður á Impregilo og framgangi verksins. Með góðum aðbúnaði, virku eftirliti og vakandi öryggisráði ætti að vera hægt að koma í veg fyrir flest vandamál. Í því felast einfaldlega hagsmunir Impregilo.

Um leið og vart var við veikindi starfsmanna hóf Impregilo strax aðgerðir til að laga ástandið. Gripið var til eftirfarandi ráðstafana:

- Gerðar voru breytingar á loftræstikerfi gangnanna, sem höfðu þó verið fullnægjandi þar til nýlega.
- Reynt hefur verið að draga úr útblæstri véla og tækja sem notuð eru göngunum með því til dæmis að nota fleiri útblásturssíur og bætiefni í eldsneyti, sem eiga að draga úr mengun olíu og snefilefna.
- Bættar hafa verið aðferðir til þess að fylgjast með loftgæðum í göngunum. Settir hafa verið upp gasmælur sem mæla loftið stanslaust víðsvegar um göngin
- Áætlanir um rýmingu gangnanna þegar upp kemur hættuástand verið endurbættar.

Allar þessar aðgerðir hafa verið unnar í samráði við yfirvöld og innri verkferla Impregilo.

Matareitrun

Impregilo harmar einnig að hópur starfsmanna hafi nýverið fengið matareitrun, eftir að hafa matast á ákveðnum stað í göngunum. Öllum umræddum starfsmönnum heilsast nú vel. Rétt er að það komi fram að á þeim fjórum árum sem fyrirtækið hefur starfað á Íslandi hefur þetta aldrei gerst áður. Á þeim tíma hafa þó verið matreiddar yfir 3 milljónir máltíða, í fjórum mótuneytum, fyrir um 1.400 manns á öllum tímum sólarhringsins.

Í samráði við yfirvöld og í samræmi við verkferla Impregilo hefur þegar verið gripið til ráðstafana sem eiga að tryggja að svona nokkuð geti ekki endurtekið sig.

Samstarf betra en ásakanir

Það verður aldrei nógu oft ítrekað að heilsa og öryggi starfsmanna skiptir Impregilo öllu máli. Alls staðar í heiminum leggur fyrirtækið aðaláherslu á öryggismál í verkefnum sínum. Það sama á við um Kárahnjúka, þar sem unnið er hörðum höndum við mjög krefjandi aðstæður. Hins vegar eru aðstæður hvergi nákvæmlega eins og enginn er óskeikull. Þess vegna skiptir svo miklu að læra af aðstæðum og halda áfram.

Gott samstarf hagsmunaaðila skilar starfsmönnum og verkefninu miklu meiri árangri en ásakanir og upphlaup. Þannig vill Impregilo vinna.